



ÚTTEKT OG GREINING Á FJÁRHAGSSTÖÐU ÍSLENSKRA HAFNA 2021



2022

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
UNNIÐ FYRIR HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna
Samband íslenskra sveitarfélaga
Hag- og upplýsingasvið
Borgartúni 30
Pósthólf 8100 - 128 Reykjavík
Ábyrgðarmaður: Nökkvi Dan Elliðason



Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
1.1	Aðildarhafnir	4
1.2	Upplýsingar um gögn	5
2	Umsvif	5
2.1	Stöðugildi	5
2.2	Inn- og útflutningur	6
2.3	Landaður afli	7
2.4	Dreifing tekna	8
3	Rekstrarrafkoma	9
3.1	Yfirlit afkomu	10
3.2	Framlegð, tekjur og aflagjöld	12
3.3	Afskriftir og fjármagnsliðir	13
3.4	Rekstrarniðurstaða	14
4	Sjóðstreymi	14
4.1	Veltufé	14
4.2	Fjárfestingar hafnarsjóða	14
4.3	Fjármögnumarhreyfingar	14
5	Efnahagur	15
5.1	Eigið fé	15
5.2	Skuldir	15
6	Hafnarsjóðir í vanda	16
7	Fjárhagsáætlanir 2022	17
8	Framkvæmdir næstu ára	17
9	Samantekt	18
10	Viðauki	19

1 Inngangur

Hafnasamband Íslands var stofnað árið 1969 að frumkvæði Sambands íslenskra sveitarfélaga, en þar sem hafnamál eru mjög sérhæfð var talið rétt að fara þá leið að stofna sérstakt samband hafna. Hlutverk Hafnasambands Íslands er að koma fram gagnvart ríkisvaldinu og öðrum í málum er varða hafnirnar, að efla samstarf hafnanna og að vinna að örðru leyti að hvers konar sameiginlegum hagsmunamálum þeirra. Um árabil hefur hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga tekið saman skýrslu um stöðu hafnarsjóða á ári hverju fyrir Hafnasamband Íslands. Ársskýrslur um fjárhagsstöðu íslenskra hafna hafa þær verið lagðar til grundvallar í viðræðum við ríkisvaldið um gjaldskrárbreytingar og fjármál hafnanna.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir afkomu og efnahag hafna á Íslandi á árinu 2021. Hingað til hefur ársskýrsla Hafnasambandsþings verið unnin handvirkt af ábyrgðarmanni frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Það merkir að viðkomandi starfsmaður hafi sótt ársreikninga og önnur gögn og slegið inn hverja einingu fyrir sig. Ársskýrslan “*Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2021*” markar vatnaskil með skrefi í átt að nútímanum með sjálfvirkari vinnslu gagna. Ábyrgðarmaður fyrstu sjálfvirku ársskýrslunnar var Nökkvi Dan Elliðason.

1.1 Aðildarhafnir

Aðild að Hafnasambandi Íslands eiga 32 hafnarsjóðir í öllum landshlutum. Undir hverjum hafnarsjóði getur verið fleiri en ein höfn. Alls eru 70 hafnir innan vébanda hafnarsjóðanna, eins og ráða má af meðfylgjandi yfirliti.



Mynd 1: Á mynd má sjá alla 32 hafnarsjóði með aðild að Hafnasambandi Íslands ásamt fjöldu hafna innan hvers hafnarsjóðs í sviga.

Flestir hafnir á Íslandi eru fiskihafnir að stærstum hluta eða jafnvel eingöngu. Straumsvíkurhöfn, Grun-dartangahöfn, Reyðarfjarðarhöfn og Reykhólahöfn þjóna sérstaklega ákveðnum iðnfyrirtækjum. Sundahöfn sem er í eigu Faxaflóahafna er sérhæfð vörutluttingahöfn. Helstu áfangastaðir fyrir stór skemmtiferðaskip eru Reykjavíkurhöfn, Ísafjarðarhöfn og Akureyrarhöfn, en þær hafnir eru með aðstöðu til að taka á móti skemmtiferðaskipum sem rúma þúsundir farþega. Til viðbótar við þessar hafnir sem eru nefndar á myndinni fyrir ofan eru nokkrir minni löndunarstaðir viða um land.

1.2 Upplýsingar um gögn

Tölulegra gagna var aflað hjá hafnarsjóðum með svipuðum hætti og undanfarin ár. Forsvarsmönnum hafnarsjóða var send fyrirspurn í formi excel-skjals og þeir beðnir að um að fára inn í það upplýsingar. Þessari upplýsingar innihalda rekstur, efnahag, sjóðstreymi, framkvæmdaráætlun, bakgrunnsupplýsingar og annað tilfallandi. Í ár bárust svör frá 32 aðildarsjóðum hafnasambandsins. Hér fyrir neðan má sjá hvaða upplýsingum var óskað eftir árið 2021.


- Tekjur
 - Aflagjöld
 - Vörugjöld
 - Skemmtiferðaskip
 - Fjármunatekjur
 - Annað tilfallandi
- Gjöld
 - Laun og tengd gjöld
 - Breyting lífeyrisskuldbindinga
 - Afskriftir
 - Annar rekstrarkostnaður
 - Fjármunagjöld
- Efnahagsreikningar
 - Varanlegir rekstrarfjármunir
 - Áhættufjármunir og langtímakröfur
 - Veltufjármunir
 - Eigið fé
 - Lífeyrisskuldbindingar
 - Langtímaskuldbindingar
 - Skammtímaskuldbindingar
- Sjóðstreymisyfirlit
 - Veltufé frá rekstri
 - Handbært frá rekstri
 - Varanleg fjárfesting rekstrarfjármuna
 - Aðrar fjárfestingarhreyfingar
 - Nýtekinn langtímalán
 - Afborganir langtímalána
 - Aðrar fjármögnumnarhreyfingar
- Framkvæmdaráætlun
 - Fyrirhugaðar framkvæmdir alls
 - Áætlaðar endurgreiðslur
- Bakgrunnsupplýsingar
 - Fjöldi stöðugilda
 - Útflutningur (tonn)
 - Innflutningur (tonn)
 - Afla landað (tonn)
- Covid
 - Tekjufall vegna covid

2 Umsvif

2.1 Stöðugildi

Hugtakið “stöðugildi” er hið sama og oft er nefnt ársverk í dagvinnu. Með stöðugildum er fundinn sammælan-legur mælikvarði á vinnuframlag sem unnið er í dagvinnu og er því mælikvarði á starfshlutfall starfsmanna. Árið 2021 töldust starfsmenn í 213,45 stöðugildum hjá hafnarsjóðum og er það breyting um 15,45 stöðugildi frá árinu 2020. Eins og við má búast eru hafnarsjóðir Íslands misstórir í umsvifum og eru stöðugildi hafnarsjóðanna engin undantekning þar á.

Meðaltal stöðugilda hafna á Íslandi er 7 á meðan miðgildið er 3. Þessi munur á meðaltali og miðgildi hafna á Íslandi, skýrist af fáum höfnum með marga starfsmenn og stóru hlutfalli hafna með fáa eða enga starfsmenn. Á mynd hér fyrir neðan má sjá hvernig 213,45 stöðugildi dreifast milli hafna innan Hafnasambands Íslands.



Mynd 2: Fjöldi stöðugilda hfnarsjóða á Íslandi


2.2 Inn- og útflutningur

Eins og kynnt var í inngangi eru fáar hafnir sem þjóna sérstaklega iðnfyrirtækjum eða vöruflytningum. Það eru því fáar hafnir sem bera meginþunga inn- og útflutningar á Íslandi. Í töflu hér fyrir neðan má sjá þær hafnir sem eru umsvifamestar í inn- og útflutningum á Íslandi.

Tafla 1: Fimm innflutnings hæstu hfnarsjóðirnir		
Hfnarsjóður	Innflutt (tonn)	Hlutfall
Faxaflóahafnir	2.751.085	51%
Fjarðarbyggðarhafnir	922.968	17%
Hafnarfjarðarhöfn	781.107	15%
Reykjaneshöfn	241.391	5%
Hafnir Norðurþings	204.161	4%

Tafla 2: Fimm útflutnings hæstu hfnarsjóðirnir		
Hfnarsjóður	Útflutt (tonn)	Hlutfall
Faxaflóahafnir	906.455	40%
Fjarðarbyggðarhafnir	517.256	23%
Hafnarfjarðarhöfn	286.541	13%
Þorlákshöfn	188.360	8%
Hafnir Vesturbýggðar	80.000	4%

Eins og sjá má í *töflu 1* flytja fimm innflutnings hæstu hafnir íslands inn 92% af heildar innflutningi íslenskra hafna. Alls voru flutt inn 5 milljónir tonna frá höfnum landsins árið 2021. *Tafla 2* sýnir fimm útflutnings hæstu hafnir Íslands flytja út 88% af heildar útflutningi íslenskra hafna. Alls voru flutt út 2,26 milljónir tonna frá höfnum landsins árið 2021 samanborið við 2 milljónir tonna árið á undan. Á mynd hér fyrir neðan má sjá dreifingu inn- og útflutnings einstakra hafna á Íslandi.



Mynd 3: Inn- og útflutningur hafnarsjóða á Íslandi

Ofangreind mynd sýnir hvernig útflutningur einskorðast við fáar hafnir á meðan innflutningurinn virðist dreifast meira milli hafna. Það má einnig sjá að hafnirnar eru flestar tölvert umsvifameiri í innflutningi heldur en útflutningi.

2.3 Landaður afli

Fiskistofa á samstarf við löndunarhafnir um vigtun og skráningu landaðs afli. Niðurstöður vigtunar á afli eru skráðar í aflaskráningarkerfið GAFL (Gagnagrunn Fiskistofu og Löndunarhafna). Þetta verkferli starfsmanna löndunarhafna verður til þess að gögn á lönduðum afli á Íslandi þykja mjög áreiðanleg. Í töflu hér fyrir neðan má sjá fimm aflahæstu og aflalægstu hafnarsjóðina.


Tafla 3: Fimm aflahæstu hafnarsjóðirnir

Hafnarsjóður	Afla landað (tonn)
Fjarðarbyggðarhafnir	354.960
Vestmannaeyjarhöfn	155.425
Vopnafjarðarhöfn	100.300
Faxaflóahafnir	92.139
Hafnir Múlaþings	59.199

Tafla 4: Fimm aflalægstu hafnarsjóðirnir

Hafnarsjóður	Afla landað (tonn)
Blönduóshöfn	0
Kópavogshöfn	0
Reykholahöfn	0
Vogahöfn	0
Hvammstangahöfn	351


Eins og vænta má er mun meiri dreifing á lönduðum afla eftir hafnarsjóðum. Á mynd hér fyrir neðan má sjá hvernig sú dreifing er fyrir einstakar hafnir, sem stunda inn- eða útflutning, innan Hafnasambandsins.



Mynd 4: Landaður afli á Íslandi.

2.4 Dreifing tekna

Fjárhagsleg umsvif og staða hafnarsjóða er afar mismunandi og þess ber að gæta í umfjöllun um fjármál hafnarsjóða í heild. Á meðan stærstu hafnir landsins búa margar við góðan fjárhag eiga flestar aðrar undir högg að sækja. Þetta má sjá á hvernig rekstrartekjur hvers hafnarsjóðs dreifast sem hlutfall af heildartekjum hafnarsjóða á Íslandi. Á mynd hér fyrir neðan má sjá hvernig dreifing rekstrartekna er milli hafnarsjóðanna. Margir hafnarsjóðir hafa í samanburði við stærstu hafnirnar afar lágar tekjur og sjást því ekki á mynd.



Mynd 5: Dreifing tekna hafnarsjóða sem hlutfall af heildartekjum hafnarsjóða Íslands.

Pessi stærðardreifing hefur í för með sér að áhrif stóru hafnarsjóðanna á heldina og meðaltöl eru mikil og gefa ekki endilega raunsanna mynd af stöðu hafnarsjóðanna almennt. Í töflu hér fyrir neðan má sjá hlutfall af heildartekjum hjá fimm stærstu og minnstu hafnarsjóðunum:

Tafla 5: Fimm stærstu hafnarsjóðirnir

Hafnarsjóður	Hlutfall tekna (%)
Faxaflóahafnir	37,82
Fjarðarbyggðarhafnir	11,05
Hafnarfjarðarhöfn	6,90
Hafnasamlag Norðurlands	5,18
Vestmannaeyjarhöfn	4,76

Tafla 6: Fimm minnstu hafnarsjóðirnir

Hafnarsjóður	Hlutfall tekna (%)
Blönduóshöfn	0,00
Vogahöfn	0,01
Súðavíkurhöfn	0,08
Hvammstangahöfn	0,13
Reykholahöfn	0,16

3 Rekstrarafkoma

Ársreikningar hafnarsjóða líta almennum reikningsskilareglum og þeim sérreglum sem reikningsskila- og upplýsinganefnd hefur sett reikningsskilum sveitarfélaga. Hafnarsjóðir eru skilgreindir sem B-hluta stofnanir í reikningum sveitarfélaga og koma því til sameiginlegs uppgjörs með A-hluta í samanteknum reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á hafnarsjóðum eins og öðrum fyrirtækjum og stofnumum í B-hluta. Fjármálareglur sveitarstjórnarlaga beinast að samstæðu sveitarfélaga. Skuldareglan kveður á um að skuldir og skuldbindingar samstæðu sveitarfélaga verði almennt ekki yfir 150% af tekjum. Samkvæmt reglugerð má þá undanskilja ákveðnar skuldir og skuldbindingar og fá þannig fram skuldaviðmið sem ekki má vera umfram 150% af tekjum. Jafnvægisreglan segir að rekstur samstæðu skuli vera í jafnvægi á hverju þriggja ára tímabili.


Fyrirtæki og stofnanir í B-hluta sveitarsjóðsreikninga eiga að vera sjálfstæð, bæði er vardar stjórnun og fjárhag. Í hafnarlögum er mælt fyrir um að rekstrarformi hafnar skuli breytt í höfn í eigu sveitarfélags, fært

í A-hluta sveitarfélgas, án sérstakrar hafnarstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð. Sveitarstjórn er þó heimilt með samþykki ráðherra að veita aukið fjármagn til hafnar til þess að bæta eiginfjárstöðu hennar.

Heildstætt yfirlit um rekstur og efnahag sérhvers hafnarsjóðs má finna í viðauka aftast í skýrslunni. Þar má sjá upplýsingar um tekjur, rekstrargjöld, laun og launatengd gjöld, veltufé frá rekstri, skammtíma- og langtímaskuldir, eigið fé ofl.

3.1 Yfirlit afkomu

Í þessari skýrslu eins og í fyrri skýrslum er horft framhjá óreglulegum tekjum, s.s. vegna sölu eigna og framlaga sveitarsjóða til hafna. Nokkrar smærri hafnir fá framlag frá sveitarsjóði og hefur eftir megni verið tekið tillit til þess í þessari samantekt. Rekstrarniðurstaða 2021 er lækkuð sem þessum fjárhæðum nemur og er það í samræmi við meðhöndlun undanfarinna ára. Á mynd hér fyrir neðan má sjá betur hvernig tekjur, veltufé, skuldbindingar og rekstrarniðurstaða hafa breyst síðustu 4 ár.



Við blasir að rekstrartekjur hafnarsjóða árið 2021 eru hærri en árið á undan og munar þar 1722 milljónum króna. Í töflu hér fyrir neðan má sjá nánari upplýsingar um afkomu hafna seinstu ára.

Tafla 7: Heildar afkoma hafnarsjóða á Íslandi síðustu ára

	2018	2019	2020	2021	Breyting frá 2020
Rekstrartekjur alls (m.kr.)	10.054	10.468	9.236	10.958	1.722
Rekstrarniðurstaða (m.kr.)	2.537	2.614	1.129	2.150	1.021
Rekstrarniðurstaða (% af tekjum)	25%	25%	12%	20%	8%
Veltufé frá rekstri (m.kr.)	4.451	4.353	3.241	4.426	1.185
Veltufé frá rekstri (% af tekjum)	44%	42%	35%	40%	5%


	2018	2019	2020	2021	Breyting frá 2020
Skuld og skuldbindingar (m.kr.)	12.356	11.698	8.213	7.753	-460
Skuld og skuldbindingar (% af tekjum)	123%	112%	89%	71%	-18%

Einstaka þætti rekstrarreiknings þara að rýna í svo hægt sé að gera grein fyrir hvað veldur rekstrarniðurstöðu hafnarsjóðanna á ári hverju. Í töflu hér fyrir neðan má sjá nánari sundurliðun á rekstrarreikningi og þróun þeirra frá 2019 til 2021.

Tafla 8: Sundurliðun rekstrarniðurstöðu hafnarsjóða seinustu 3 ára

	2019	2020	2021	Breyting frá 2020
Tekjur	10.468	9.236	10.958	1.722
Gjöld	6.156	6.451	6.574	123
Laun og tengd gjöld	2.873	3.090	3.311	221
Breyting lífeyrisskuldbindinga	50	92	1.047	955
Annar kostnaður	3.245	3.269	3.263	-6
Afskriftir	1.537	1.605	1.717	112
Fjármunatekjur mínus gjöld	-146	-287	-517	-230
Rekstrarniðurstða	2.614	892	2.150	1.258

Fram þarf að taka að lífeyrisskuldbindingar eru færðar á einstakar rekstrareiningar á mismunandi máta í reikningsskilum sveitarfélaga. Í nokkrum stórum hafnarsjóðum eru lífeyrisskuldbindingar færðar á sjóðina sjálfa en í þeim minni væntanlega á sveitarsjóði og í einhverjum tilvikum kunna breytingar á lífeyrisskuldbindingum hafnarsjóða að vera innifaldar í launum og tengdum liðum.



3.2 Framlegð, tekjur og aflagjöld

Framlegð er mismunur heildartekna og breytilegs kostnaðar, sem eru laun og annar rekstrarkostnaður. Framlegð þarf að lágmarki að standa undir afskriftum og fjármagnskostnaði til þess að rekstur sé í jafnvægi. Framlegð hafnarsjóða nam 6.574 m.kr. á árinu 2021 sem svarar til 40% af tekjum. Á árinu 2020 var framlegðin 2.874 m.kr.

Rekstur sem skilar neikvæðri framlegð hefur ekki fjárhagslegan styrk til að standa undir daglegum rekstri. Hafnarsjóðir í þeim sporum voru einungis 2 árið 2021. Þegar þannig háttar til blasir við að engum er til að dreifa nema viðkomandi sveitarsjóðum til að haegt sé að starfrækja höfnina áfram. Þegar sveitarsjóður þarf að leggja hafnarsjóði til fjármuni þá verða þeir sömu fjármunir ekki nýttir til annarra hluta og hætt við að skerða þurfi aðra þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Hér fyrir neðan má sjá tekjur, gjöld og framlegð einstakra hafnarsjóða á árinu 2021:

Tafla 9: Tekjur, gjöld og framlegð einstakra hafnarsjóða á Íslandi (m.kr.).

	Rekstrartekjur	Breytilegur kostnaður	Framlegð	Framlegð/Tekjur
Blönduóshöfn	0	0	0	0%
Bolungarvíkurhöfn	118	72	46	39%
Faxaflóahafnir	4.145	2.490	1.654	40%
Fjarðarbyggðarhafnir	1.211	684	527	44%
Grindavíkurhöfn	248	159	88	36%
Grundarfjarðarhöfn	141	63	78	55%
Hafnarfjarðarhöfn	756	448	308	41%
Hafnasamlag Norðurlands	568	424	144	25%
Hafnir Dalvíkurbyggðar	95	80	15	16%
Hafnir Fjallabyggðar	144	96	48	34%
Hafnir Ísafjarðarbæjar	311	244	67	21%
Hafnir Langanesbyggðar	85	66	19	22%
Hafnir Múlaþings	422	177	244	58%
Hafnir Norðurþings	211	124	87	41%
Hafnir Snæfellsbæjar	264	138	126	48%
Hafnir Vesturbyggðar	272	120	152	56%
Hólmasíðurhöfn	39	3	36	93%
Hornafjarðarhöfn	136	103	33	24%
Hvammstangahöfn	14	13	1	7%
Kópavogshöfn	73	26	47	65%
Reykholahöfn	17	8	9	53%
Reykjaneshöfn	217	161	56	26%
Sandgerðishöfn	122	87	35	29%
Skagafjarðarhafnir	180	113	68	37%
Skagastrandarhöfn	56	35	21	38%
Stykkishólmshöfn	49	31	18	37%
Súðavíkurhöfn	9	10	-1	-10%
Tálknafjarðarhöfn	31	21	10	32%
Vestmannaeyjarhöfn	521	386	136	26%
Vogahöfn	1	4	-3	-483%
Vopnafjarðarhöfn	139	39	100	72%
Porlákshöfn	367	154	214	58%
Samtals	10.958	6.574	4.384	40%

Falast var sérstaklega eftir upplýsingum um tekjur af aflagjöldum, vörugjöldum og tekjum af skemmtiferðaskipum. Tekjur námu 10.958 m.kr á árinu 2021.

Tafla 10: Tekjur einstakra hafnarsjóða (m.kr.).

	Aflagjöld	Vörugjöld	Skemmtiferðaskip	Heildartekjur
Blönduóshöfn	0	0	0	0
Bolungarvíkurhöfn	95	0	0	95
Faxaflóahafnir	151	1.512	0	1.663
Fjarðarbyggðarhafnir	332	394	0	726
Grindavíkurhöfn	168	10	0	179
Grundarfjarðarhöfn	89	4	13	106
Hafnarfjarðarhöfn	95	268	22	384
Hafnasamlag Norðurlands	54	105	90	249
Hafnir Dalvíkurbyggðar	48	0	0	48
Hafnir Fjallabyggðar	99	0	0	99
Hafnir Ísafjarðarbæjar	103	22	83	208
Hafnir Langanesbyggðar	32	16	0	47
Hafnir Múlaþings	136	22	120	277
Hafnir Norðurþings	28	88	0	116
Hafnir Snæfellsbæjar	168	3	0	171
Hafnir Vesturbayggðar	164	39	0	203
Hólmavíkurhöfn	4	0	0	4
Hornafjarðarhöfn	74	18	0	92
Hvammstangahöfn	0	10	0	10
Kópavogshöfn	0	0	0	0
Reykhlólahöfn	0	5	0	5
Reykjaneshöfn	16	109	2	127
Sandgerðishöfn	51	3	0	55
Skagafjarðarhafnir	77	24	0	101
Skagastrandarhöfn	33	0	0	34
Stykkishólmshöfn	10	1	1	12
Súðavíkurhöfn	3	0	0	3
Tálknafjarðarhöfn	8	4	0	12
Vestmannaeyjarhöfn	201	68	36	305
Vogahöfn	0	0	0	0
Vopnafjarðarhöfn	68	31	0	99
Porlákshöfn	67	130	0	197
Samtals	2.375	2.884	367	5.625

Tekjur af aflagjöldum haldast í hendur við þróun aflaverðmætis, þar sem álagningarárprósenta hefur lítt breyst á undanförnum árum og hlutur innlendra hafna hefur verið stöðugur. Tekjur vegna skemmtiferðaskipa hefur hækkað um 322 m.kr., en árið áður voru þær tekjur upp á 46 m.kr.

3.3 Afskriftir og fjármagnsliðir

Afskriftir eru reiknuð stærð þar sem verið er að dreifa fjárfestingarkostnaði yfir lengri tíma og gjaldfæra. Á árinu 2021 voru bókfærðar afskriftir að fjárhæð 1.717 m.kr., sem er um 120% af fjárfestingu ársins.

Bókfærð fjármagnsgjöld hafnarsjóða umfram tekjur námu -517 m.kr. árið 2021, samanborið við 14 m.kr. árið 2020.



3.4 Rekstrarniðurstaða

Niðurstaða um rekstrarhagnað fæst með því að leggja saman framlegð, afskriftir, og fjármagnsliði. Rekstrarhagnaður hafnarsjóða nam 2.150 m.kr. árið 2021, sem er 20% af tekjum. Afkoma sjóðanna breytist um 1.021 m.kr. frá árinu áður þegar rekstrarafgangur nam 12% af tekjum eins og má sjá í töflu hér fyrir neðan.

Tafla 11: Rekstrarniðurstaða hafnarsjóða síðustu ára (m.kr.)

	2018	2019	2020	2021
Afkoma hafna sem skiliðu hagnaði	2.883	2.660	1.483	2.499
Afkoma hafna sem skiliðu tapi	-346	-45	-354	-348
Rekstrarafgangur alls	2.537	2.615	1.129	2.150
Rekstrarafgangur, % af tekjum	25%	25%	12%	20%

Afkoma þeirra hafnarsjóða sem reknir voru með tapi árið 2021 var -348 m.kr. Til samanburðar var samanlagt tap sjóða sem reknir voru með tapi árið áður -354 m.kr. Rekstrarafgangur hafnarsjóða með jákvæða afkomu hækkaði um 1.016 m.kr milli ára.

Rekstrarafkoma 21 sjóða var jákvæður árið 2021, en neikvæð hjá 11 sjóðum.

4 Sjóðstreymi

Eins og nafnið bendir til mælir sjóðstreymi þá fjárstrauma sem fara inn og út úr sjóðum rekstrareininga (hafnarsjóða). Við uppgjör á sjóðstreymi er horft fram hjá reiknuðum stærðum s.s. afskriftum og breytingu lífeyrisskuldbindinga. Sjóðstreymi er ætlað að skýra hvernig handbært fé breytist á rekstrartímabilinu (almannaksári). Breytingum á handbæru fé er skip í þrjá þætti: rekstrar-, fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar.

4.1 Veltufé

Veltufé frá rekstri segir til um hve mikið lausafé verður eftir þegar búið að borga alla reikninga vegna daglegs rekstrar og hvað þá er til ráðstöfunar til að greiða afborganir lána og til fjármögnumnar á fjárfestingum. Rekstur hafnarsjóða árið 2021 skilaði veltufé upp á 4.426 m.kr., en það svarar til 40% af tekjum árið 2021. Árið áður nam veltufé frá rekstri um 15 m.kr. eða 15% af heildartekjum það árið.

4.2 Fjárfestingar hafnarsjóða

Í sjóðstreymi er færð fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum. Í samræmi við reikningsskil sveitarfélaga eru framlög frá Hafnabótasjóði dregin frá. Fjárfestingar hafnarsjóða árið 2021 námu 1.463 m.kr. samanborið við 2.580 sem er lækkun um 1.117 m.kr.

4.3 Fjármögnunarhreyfingar

Fjármögnunarhreyfingar lýsa nettólántöku á árinu og áhrifa á sjóðsstreymi, þannig að afborgun lána lækkar handbært fé en ný lántaka eykur handbært fé. Fjármögnunarhreyfingar flestra hafnarsjóða hafa verið neikvæðar á undanfönum árum, sem þýdir að afborganir hafa verið meiri en lántökur og skuldir greiddar niður. Árið 2021 var fjármögnunarhreyfing upp á -1.504 m.kr.

5 Efnahagur

5.1 Eigið fé

Eigið fé hafnarsjóðanna eru heildareignir að frádregnum skuldum skv. bókhaldi hvers hafnarsjóðs. Í lok árs 2021 nam eigið fé hafnarsjóða 34993 m.kr. sem hækkun um 4.276 m.kr frá árinu áður. Í töflu hér fyrir neðan má sjá fimm stærstu og minnstu hafnarsjóði er kemur að eigið fé:

Tafla 12: Fimm stærstu hafnarsjóðirnir

Hafnarsjóður	Eigið fé hafnarsjóða
Faxaflóahafnir	15.625
Fjarðarbyggðarhafnir	5.741
Hafnarfjarðarhöfn	3.263
Vestmannaeyjarhöfn	2.023
Hafnasamlag Norðurlands	1.842


Tafla 13: Fimm minnstu hafnarsjóðirnir

Hafnarsjóður	Eigið fé hafnarsjóða
Hafnir Norðurbings	-627
Sandgerðishöfn	-354
Hvammstangahöfn	-95
Kópavogshöfn	-55
Grindavíkurhöfn	-36

5.2 Skuldir

Greiðsluhæfi til skamms tíma má meta með veltufjárlutfalli, þ.e. hlutfallinu á milli veltufjármuna og skammtímaskulda. Um er að ræða kröfur sem falla til innan árs. Rétt er að minna á að næsta árs afborgun langtímalána er færð með skammtímaskuldu, enda á gjalddaga innan árs. Þegar veltufjárlutfallið er undir 1 (einum eða 100%) eru skammtímaskuldir umfram veltufjármuni, en við slík skilyrði getur hafnarsjóður lent í lausafjárvanda.

Skuldahlutfall einstakra hafnarsjóða



Mynd 6: Skuldastaða hafnarsjóða Íslands.



Eins og sjá má á mynd 6 er skuldastaða hafnarsjóða mjög misjöfn. Alls voru aðeins 11 hafnarsjóðir yfir 150% skuldahlutfalls viðmiðinu og 21 undir því. Áhyggjuefnið samkvæmt mynd 6 er þó hversu langt yfir skuldahlutfallinu sumar hafnir eru og bendir það til þess að þeir hafnarsjóðir séu í miklum erfiðleika í rekstri.

Skuldareglan í fjármálareglum sveitarfélaga tekur til hlutfalls skulda og skuldbindinga af tekjum og er reiknað af samstæðu A- og B-hluta. Skuldir og heildarskuldbindingar hafnarsjóða námu í árslok 2021 61% af tekjum, samanborið við 89% árið 2020.

Í heildina litið var veltufjárlutfall árið 2021, 4,93 samanborið við 3,25 árið 2020. Alls voru 12 hafnarsjóðir með veltufjárlutfall undir einum árið 2021. Langtímaskuldir hafnarsjóða voru í heild 5.036 m.kr á meðan skammtímaskuldir voru 1.670 m.kr. Það gerir að samtals skuldir voru 6.706 m.kr árið 2021.

6 Hafnarsjóðir í vanda

Erfiðleika í rekstri eru metnar á grundvelli eftirfarandi stærða:

1. Neikvætt veltufé frá rekstri
2. Neikvætt eigið fé
3. Skuldahlutfall umfram 150% af tekjum
4. Veltufjárlutfall undir 1 (einum)

Í töflu fyrir neðan má sjá alla hafnarsjóði á Íslandi ásamt þeim lykilstærðum sem notaðar eru til að skilgreina rekstur sem á undir högg að sækja. Við skilgreinum áhyggjustig sem fjölda skilyrða uppfyllt svo rekstur teljist í erfiðleikum.

Tafla 14: Hafnarsjóðir og lykilstærðir til að meta stöðu reksturs.

	Veltufé frá rekstri	Eigið fé	Skuldahlutfall	Veltufjárlutfall	Áhyggjustig
Hólmavíkurhöfn	-4 m.kr	-35 m.kr	2	0	4
Hvammstangahöfn	-4 m.kr	-95 m.kr	8	0	4
Súðavíkurhöfn	-1 m.kr	-10 m.kr	5	0	4
Hafnir Norðurbjings	77 m.kr	-627 m.kr	6	0	3
Kópavogshöfn	47 m.kr	-55 m.kr	6	0	3
Sandgerðishöfn	33 m.kr	-354 m.kr	4	0	3
Grindavíkurhöfn	102 m.kr	-36 m.kr	2	2	2
Hafnir Dalvíkurbyggðar	13 m.kr	230 m.kr	2	0	2
Reykjaneshöfn	46 m.kr	1120 m.kr	5	0	2
Vogahöfn	0 m.kr	2 m.kr	15	0	2
Blönduóshöfn	0 m.kr	0 m.kr	0	0	1
Hafnir Fjallabyggðar	52 m.kr	488 m.kr	0	0	1
Reykhólahöfn	9 m.kr	26 m.kr	0	0	1
Vopnafjarðarhöfn	92 m.kr	575 m.kr	2	16	1
Bolungarvíkurhöfn	44 m.kr	175 m.kr	0	6	0
Faxaflóahafnir	1626 m.kr	15625 m.kr	0	4	0
Fjarðarbyggðarhafnir	608 m.kr	5741 m.kr	0	49	0
Grundarfjarðarhöfn	78 m.kr	492 m.kr	0	23	0
Hafnarfjarðarhöfn	344 m.kr	3263 m.kr	0	7	0
Hafnasamlag Norðurlands	131 m.kr	1842 m.kr	0	4	0
Hafnir Ísafjarðarbæjar	63 m.kr	653 m.kr	1	3	0
Hafnir Langanesbyggðar	15 m.kr	137 m.kr	1	1	0
Hafnir Múlaþjungs	250 m.kr	886 m.kr	0	11	0
Hafnir Snæfellsbæjar	126 m.kr	1144 m.kr	0	4	0

	Veltufé frá rekstri	Eigið fé	Skuldahlutfall	Veltufjárlutfall	Áhyggjustig
Hafnir Vesturbyggðar	152 m.kr	345 m.kr	1	3	0
Hornafjarðarhöfn	57 m.kr	546 m.kr	0	101	0
Skagafjarðarhafnir	56 m.kr	519 m.kr	0	13	0
Skagastrandarhöfn	21 m.kr	274 m.kr	0	35	0
Stykkishólmshöfn	19 m.kr	56 m.kr	0	181	0
Tálknafjarðarhöfn	10 m.kr	42 m.kr	1	8	0
Vestmannaeyjarhöfn	150 m.kr	2023 m.kr	0	150	0
Þorlákshöfn	215 m.kr	1 m.kr	0	1	0

Alls voru 3 hafnarsjóðir með neikvætt veltufé frá rekstri og 7 hafnarsjóðir voru með neikvætt eigið fé. Eins og kom fram áðan voru 11 hafnarsjóðir með skuldahlutfall umfram 150% af tekjum og 12 hafnarsjóðir með veltufjárlutfall undir 1 (einum).

Það blasir við að hafnir sem glíma við þrálátan skuldavanda þurfa að skapa verulegt veltufé úr sínum rekstri til að standa undir greiðslubyrði lána og nauðsynlegu viðhaldi. Við þau rekstrarskilyrði sem þessar hafnir búa við er vandséð að þær forsendur geti staðist að óbreyttum rekstrarumsvifum. Það er líka ljóst að hafnir sem fyrst og fremst eru fiskihafnir standa margar höllum fæti og rétt að fylgjast vel með þróun þeirra á næstunni.

7 Fjárhagsáætlanir 2022

Spurt var sérstaklega um fjárhagsáætlanir fyrir árin 2022 og 2023. Fjárhagsáætlanir hafnarsjóða gefa ágætis mynd af stefnu hafna á Íslandi, en þó þarf að að taka tillit til mismunandi markmiða sjóðanna á hverjum tíma. Fjárhagsáætlanir fyrir árið 2022 geri ráð fyrir að tekjur muni lækka um 18% frá liðnu ári og að rekstarafgangur lækki um 754,22 m.kr. Þá sýna einnig áætlanir áform um að fjárfestingar aukist um 227% milli áranna.

8 Framkvæmdir næstu ára

Falast var eftir upplýsingum um framkvæmdir áranna 2021 til 2023. Einnig var falast eftir áætluðum endurgreiðslum frá Hafnabótasjóði þessara ára. Það er ljóst að hafnarsjóðir reikna með töluverðum framkvæmdum næstu árin. Hvort þau áform nái fram að ganga ræðst m.a. af því fjármagni sem Hafnabótasjóður fær til ráðstöfunar en á ýmsu hefur gengið í þeim efnum. Hafnabótasjóður er eign ríkisins og fer Vegagerðin með stjórn sjóðsins í umboði samgönguráðherra.


Tekjur Hafnabótasjóðs eru tekjur af starfsemi sjóðsins og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni. Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán vegna starfsemi sinnar samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Tafla 15: Fyrirhugaðar framkvæmdir hafnarsjóða Íslands

	Ársreikningur (2021)	Fjárhagsáætlun (2022)	3ja ára áætlun (2023)
Fyrirhugaðar framkvæmdir	2.819	5.996	5.324
Áætlaðar endurgreiðslur	2.012	4.093	4.653
Nettó	808	1.902	672

9 Samantekt

Afkoma hafnarsjóða versnaði til muna frá 2019 til 2020 vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Skiptir þar mestu að næstum tók alveg fyrir komu skemmtiferðaskipa, en tekjur af þeim námu aðeins 46 m.kr., sbr. við 1.390 m.kr. 2019. Úr rættist á síðari helmingi árs 2021 er tekjur af skemmtiferðaskipum reyndust 367 m.kr. Vaxandi umsvif í þjóðarbúskapnum með auknum innflutningi skópu hafnarsjóðum auknar tekjur af vörugjöldum sem jukust um 20% frá 2020. Í heild jukust tekjur hafnarsjóða um 1.720 m.kr. frá 2020 sem er um 18,5%. Á sama tíma hækkuðu rekstrargjöld um aðeins 120 m.kr., sem er tæp 2%. Afkoma hafnarsjóða batnaði verulega af þessum sökum. Rekstrarafgangur jókst um 1.260 m.kr. og nam um 19,6% af tekjum. Þetta er mun lakari niðurstaða en árin 2018 og 2019 þegar rekstrarafgangur nam um 25% af tekjum.



Mynd 7: Samantekt, rekstrarafgangur



10 Viðauki

Hér á næstu blaðsíðum má finna töflur sem innihalda upplýsingar sem unnar eru fyrir samanburð og yfirlit á hafnarsjóðum á Íslandi árið 2021. Allar fjármálaupplýsingar í viðauka eru í milljónum króna.



Hafnarsjodur	Tekjur, aflagjöld	Tekjur, vörugjöld	Tekjur, skemmtiferðaskip	Tekjur, aðrar	Rekstrartekjur, alls	Laun og tengd gjöld	Annar rekstrarkostnaður	Afskriftir
Hafnasamlag Norðurlands	54	105	90	319	568	269	155	98
Blönduóshöfn	0	0	0	0	0	0	0	0
Bolungarvíkurhöfn	95	0	0	23	118	35	37	10
Hafnir Dalvíkurbyggðar	48	0	0	47	95	48	32	22
Faxaflóahafnir	151	1512	0	2481	4145	1220	1270	815
Hafnir Fjallabyggðar	99	0	0	45	144	51	44	18
Fjarðarbýggðarhafnir	332	394	0	484	1211	277	406	217
Grindavíkurhöfn	168	10	0	69	248	87	72	20
Grundarfjardarhöfn	89	4	13	35	141	33	30	12
Hafnarfjardarhöfn	95	268	22	371	756	233	214	111
Hornafjardarhöfn	74	18	0	44	136	51	52	21
Hvammstangahöfn	0	10	0	4	14	0	13	1
Hafnir Ísafjardarþærjar	103	22	83	103	311	128	117	27
Kópavogshöfn	0	0	0	73	73	12	14	15
Hafnir Langanesbyggðar	32	16	0	37	85	0	66	16
Hafnir Múlapings	136	22	120	144	422	68	109	18
Hafnir Norðurþings	28	88	0	95	211	69	55	75
Reykholahöfn	0	5	0	12	17	0	8	1
Reykjaneshöfn	16	109	2	90	217	94	66	45
Sandgerðishöfn	51	3	0	67	122	56	31	10
Skagafjardarhafnir	77	24	0	80	180	59	54	15
Skagastrandarhöfn	33	0	0	22	56	17	18	8
Hafnir Snæfellsþærjar	168	3	0	94	264	94	44	26
Hólmavíkurhöfn	4	0	0	35	39	3	0	3
Stykkishólmshöfn	10	1	1	36	49	19	12	6
Súðavíkurhöfn	3	0	0	5	9	4	6	1
Tálknafjardarhöfn	8	4	0	19	31	14	7	3
Þorlakshöfn	67	130	0	171	367	93	61	39
Vestmannaeyjarhöfn	201	68	36	217	521	205	181	34
Hafnir Vesturbýggðar	164	39	0	69	272	52	68	21
Vogahöfn	0	0	0	1	1	0	4	0
Vopnafjardarhöfn	68	31	0	40	139	22	17	10
Samtals	2374	2886	367	5332	10962	3313	3263	1718
Miðgildi	60,5	10	0	57	140	51	44	17
Meðaltal	74,2	90,2	11,5	166,6	342,6	103,5	102	53,7

Hafnarsjodur	Rekstrargjöld alls	Fjármunatekjur	Fjármunagjöld	Fjármunatekjur - Fjármunagjöld	Rekstrarniðurstaða	Varanlegir rekstrarfjármunir	Áhættufjármunir
Hafnasamlag Norðurlands	521	0	-25	-25	22	2198	4
Blönduóshöfn	0	0	0	0	0	0	0
Bolungarvíkurhöfn	81	0	0	0	37	0	0
Hafnir Dalvíkurbyggðar	102	0	-13	-13	-20	431	0
Faxaflóahafnir	3306	15	-3	12	851	13678	158
Hafnir Fjallabyggðar	113	0	0	0	31	307	0
Fjarðarbyggðarhafnir	901	52	0	52	362	4237	124
Grindavíkurhöfn	179	5	-40	-35	33	416	0
Grundarfjarðarhöfn	75	0	-253	-253	-186	442	0
Hafnarfjarðarhöfn	558	9	-8	1	199	2791	55
Hornafjarðarhöfn	124	0	0	0	11	360	0
Hvammstangahöfn	14	0	-1	-1	-1	12	0
Hafnir Ísafjarðarbæjar	271	0	-15	-14	25	793	0
Kópavogshöfn	41	0	-35	-35	-3	414	0
Hafnir Langanesbyggðar	82	0	-10	-10	-7	248	0
Hafnir Múlapíungs	195	14	-16	-2	225	591	1
Hafnir Norðurþíungs	198	0	-87	-87	-74	1145	0
Reykholahöfn	10	0	0	0	7	26	0
Reykjaneshöfn	205	1	-59	-59	-47	2268	0
Sandgerðishöfn	97	0	-31	-30	-5	156	0
Skagafjarðarhafnir	128	0	-4	-4	49	421	0
Skagastrandarhöfn	43	0	0	0	13	168	0
Hafnir Snæfellsbæjar	164	1	0	0	100	1069	0
Hölmavíkurhöfn	5	0	-2	-2	31	45	0
Stykkishólmshöfn	37	0	0	0	12	46	2
Súðavíkurhöfn	10	0	0	0	-2	0	0
Tálknafjarðarhöfn	24	1	-2	-1	5	39	0
Þorlakshöfn	193	1	-1	1	175	829	20
Vestmannaeyjarhöfn	420	14	0	14	115	1434	0
Hafnir Vesturbayggðar	141	4	-13	-8	122	370	0
Vogahöfn	4	0	0	0	-3	0	0
Vopnafjarðarhöfn	49	0	-17	-17	73	243	0
Samtals	8291	117	-635	-516	2150	35177	364
Miðgildi	107,5	0	-2,5	-1	17,5	392	0
Méðaltal	259,1	3,7	-19,8	-16,1	67,2	1099,3	11,4





Hafnarsjodur	Fastafjármunir samtals	Veltufjármunir	Eignir samtals	Eigið fé	Lifeyrisskuldbindingar	Langtímaskuldir	Skammtímaskuldir	Skuldir og eigið fé	Veltufé
Hafnasamlag Norðurlands	2202	99	2302	1842	0	253	27	2122	131
Blönduóshöfn	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bolungarvíkurhöfn	0	40	40	175	0	10	6	191	44
Hafnir Dalvíkurbyggðar	431	16	447	230	23	128	67	447	13
Faxaflóahafnir	13836	2337	16173	15625	0	0	548	16173	1626
Hafnir Fjallabyggðar	307	0	307	488	48	0	0	536	52
Fjarðarbýggðarhafnir	4361	1710	6071	5741	149	145	35	6070	608
Grindavíkurhöfn	416	109	525	-36	82	428	50	525	102
Grundarfjarðarhöfn	442	52	495	492	0	0	2	495	78
Hafnarfjarðarhöfn	2846	820	3666	3263	215	63	125	3666	344
Hornafjarðarhöfn	360	286	646	546	97	0	3	646	57
Hvammstangahöfn	12	1	13	-95	0	6	102	13	-4
Hafnir Ísafjarðarbæjar	793	200	994	653	0	274	66	994	63
Kópavogshöfn	414	0	414	-55	0	445	24	414	47
Hafnir Langanesbyggðar	248	14	263	137	0	112	14	263	15
Hafnir Múlapings	592	451	1043	886	0	115	42	1043	250
Hafnir Norðurpings	1145	3	1147	-627	0	1335	15	723	77
Reykholahöfn	26	2	28	26	0	2	0	28	9
Reykjaneshöfn	2268	47	2316	1120	122	916	157	2316	46
Sandgerðishöfn	156	16	172	-354	57	336	133	172	33
Skagafjarðarhafnir	421	160	581	519	0	50	12	581	56
Skagastrondarhöfn	168	108	277	274	0	0	3	277	21
Hafnir Snæfellsbæjar	1069	103	1173	1144	0	0	28	1173	126
Hólmavíkurhöfn	45	0	45	-35	0	31	49	45	-4
Stykkishólmshöfn	48	40	87	56	27	4	0	87	19
Súðavíkurhöfn	0	3	3	-10	0	0	44	34	-1
Tálknafjarðarhöfn	39	27	65	42	0	20	3	65	10
Þorlakshöfn	849	1	849	1	0	0	0	2	215
Vestmannaeyjarhöfn	1434	823	2256	2023	228	0	5	2256	150
Hafnir Vesturbýggðar	370	201	571	345	0	158	68	571	152
Vogahöfn	0	0	0	2	0	10	0	12	0
Vopnfjarðarhöfn	243	564	807	575	0	196	36	807	92
Samtals	35541	8233	43776	34993	1048	5037	1664	42747	4427
Miðgildi	392	43,5	510	252	0	25,5	25,5	510	54
Meðaltal	1110,7	257,3	1368	1093,5	32,8	157,4	52	1335,8	138,3



Hafnarsjodur	Handbært fē	Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	Aðrar fjárfestingarhreyfingar	Fjárfestingarhreyfingar samtals	Ný langtímalán	Afborganir langtímalána
Hafnasamlag Norðurlands	128	-63	0	-63	0	-9
Blönduóshöfn	0	0	0	0	0	0
Bolungarvíkurhöfn	39	-11	0	-11	0	-6
Hafnir Dalvíkurbyggðar	22	-7	0	-7	0	-7
Faxaflóahafnir	1474	-309	283	-26	0	0
Hafnir Fjallabyggðar	56	-7	0	-7	0	0
Fjarðarbryggðarhafnir	613	-553	7	-546	0	-17
Grindavíkurhöfn	79	-19	0	-19	0	-5
Grundarfjarðarhöfn	60	42	0	42	0	-4
Hafnarfjarðarhöfn	386	-239	38	-201	0	-132
Hornafjarðarhöfn	129	-11	0	-11	0	0
Hvammstangahöfn	-4	0	0	0	0	-4
Hafnir Ísafjarðarbæjar	125	-120	0	-120	-273	-41
Kópavogshöfn	49	-41	0	-41	-8	0
Hafnir Langanesbyggðar	32	-17	0	-17	0	-9
Hafnir Múlapings	279	-65	0	-65	0	-43
Hafnir Norðurbings	82	-16	0	-16	0	-28
Reykholahöfn	16	3	0	3	0	0
Reykjaneshöfn	45	-29	0	-29	0	-27
Sandgerðishöfn	51	-7	0	-7	0	-22
Skagafjarðarhafnir	57	-139	38	-101	0	-8
Skagastrandarhöfn	15	-9	0	-9	0	0
Hafnir Snæfellsbæjar	126	361	-213	148	0	0
Hólmavíkurhöfn	-4	-3	0	-3	-4	-2
Stykkishólmshöfn	23	-37	0	-37	0	-4
Súðavíkurhöfn	0	-18	0	-18	0	0
Tálknafjarðarhöfn	7	0	0	0	0	-1
Þorlakshöfn	408	-146	5	-141	0	-6
Vestmannaeyjarhöfn	133	-66	0	-66	0	0
Hafnir Vesturbryggðar	107	-89	0	-89	-10	-40
Vogahöfn	0	1	0	1	0	0
Vopnafjarðarhöfn	89	-4	0	-4	-140	-139
Samtals	4622	-1618	158	-1460	-435	-554
Miðgildi	56,5	-16,5	0	-16,5	0	-4,5
Meðaltal	144,4	-50,6	4,9	-45,6	-13,6	-17,3



Hafnarsjodur	Aðrar fjármögnumunarhreyfingar	Fjármögnumunarhreyfingar samtals	Breytingar á handbæru fé	Fyrirhugaðar framkvæmdir alls	Áætlaðar endurgreiðslur	Nettó
Hafnasamlag Norðurlands	0	-9	56	0	0	0
Blönduóshöfn	0	0	0	0	0	0
Bolungarvíkurhöfn	0	-6	23	0	0	0
Hafnir Dalvíkurbyggðar	-8	-15	0	3	0	3
Faxaflóahafnir	-103	-103	1344	309	0	309
Hafnir Fjallabyggðar	-27	-27	21	14	0	14
Fjarðarbyggðarhafnir	-49	-67	0	553	0	553
Grindavíkurhöfn	-54	-60	0	32	-13	19
Grundarfjarðarhöfn	4	0	102	36	-21	15
Hafnarfjarðarhöfn	150	17	202	265	0	265
Hornafjarðarhöfn	-95	-95	22	0	0	0
Hvammstangahöfn	8	4	0	0	0	0
Hafnir Ísafjarðarbæjar	-236	-550	-546	486	-286	200
Kópavogshöfn	0	-8	0	50	0	50
Hafnir Langanesbyggðar	-6	-15	0	25	-8	17
Hafnir Múlapings	-3	-46	168	0	0	0
Hafnir Nordurpings	-38	-66	0	0	0	0
Reykholahöfn	13	13	31	100	-90	10
Reykjaneshöfn	0	-28	-11	29	-7	21
Sandgerðishöfn	-22	-44	0	0	0	0
Skagafjarðarhafnir	54	46	2	0	0	0
Skagastrandarhöfn	-6	-6	0	22	-14	9
Hafnir Snæfellsbæjar	0	0	274	361	-213	148
Hólmavíkurhöfn	5	-1	-8	30	-27	3
Stykkishólmsþöfn	18	14	0	37	0	37
Súðavíkurhöfn	18	18	0	0	0	0
Tálknafjarðarhöfn	-6	-7	0	0	0	0
Þorlakshöfn	1	-5	262	241	0	241
Vestmannaeyjarhöfn	-67	-67	0	0	0	0
Hafnir Vesturbayggðar	21	-28	-10	226	-129	98
Vogahöfn	0	0	0	0	0	0
Vopnafjarðarhöfn	-86	-364	-280	0	0	0
Samtals	-514	-1505	1652	2819	-808	2012
Miðgildi	0	-8,5	0	18	0	6
Meðaltal	-16,1	-47	51,6	88,1	-25,2	62,9



Hafnarsjodur	Stöðugildi	Útflytningur í tonnum	Innflytningur í tonnum	Afla var landað í tonnum	Tekjufall v. skemmtiferðaskipa	Tekjufall v. vörugjalda
Hafnasamlag Norðurlands	15	70176	163743	19000	300	0
Blönduöshöfn	0	0	0	0	0	0
Bolungarvíkurhöfn	2	0	0	16803	0	0
Hafnir Dalvíkurbýggðar	3	0	1017	15348	2	1
Faxaflóahafnir	79	906455	2751085	92139	0	0
Hafnir Fjallabyggðar	3	0	1700	6300	29	3
Fjarðarbýggðarhafnir	16	517256	922968	354960	35	0
Grindavíkurhöfn	4	0	22500	51000	0	0
Grundarfjarðarhöfn	2	0	8025	23700	40	0
Hafnarfjarðarhöfn	15	286541	781107	44220	0	0
Hornafjarðarhöfn	4	20980	13000	41200	0	0
Hvammstangahöfn	0	0	5614	351	0	0
Hafnir Ísafjarðarbaejar	10	4230	22622	23753	350	0
Kópavogshöfn	1	0	0	0	0	0
Hafnir Langanesbyggðar	0	19476	2263	39514	0	0
Hafnir Mýlabípings	4	12347	24283	59199	0	0
Hafnir Norðurþings	7	29717	204161	5753	32	25
Reykholahöfn	0	1451	15966	0	0	0
Reykjaneshöfn	5	211	241391	3708	0	200
Sandgerðishöfn	4	10188	0	12437	0	0
Skagafjarðarhafnir	4	18987	23492	25023	0	0
Skagastranarhöfn	1	0	1223	7350	0	0
Hafnir Snaefellsbaejar	7	0	6121	35540	0	0
Hólmavíkurhöfn	0	0	884	626	2	3
Stykkishólms höfn	2	0	3763	2394	8	2
Súðavíkurhöfn	1	0	0	521	0	0
Tálknafjarðarhöfn	1	1920	3578	1933	0	0
Þorlákshöfn	6	188360	111834	17605	0	0
Vestmannaeyjarhöfn	12	49038	12697	155425	45	18
Hafnir Vesturbýggðar	4	80000	12100	34300	20	0
Vogahöfn	0	0	0	0	0	0
Vopnafjarðarhöfn	2	44106	6083	100300	0	0
Samtals	214	2261439	5363220	1190402	863	252
Miðgildi	3,5	1685,5	7073	17204	0	0
Meðaltal	6,7	70670	167600,6	37200,1	27	7,9